

Mál nr. 208/2007

**M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingfélagið Y v/B**

Árekstur Hringbraut við Birkimel 14.10. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 22.10. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 31.10. 2007.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 03.11. 2007.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var ekið norður Birkimel með ætlaða akstursstefnu til hægri inn á Hringbraut. B var ekið austur Hringbraut á hægri akrein. Við akstur A ók inn á Hringbrautina lenti B aftan á B. Álitaefni er hvort A hafi gætt nægjanlegrar aðgæslu þar sem hann átti að víkja fyrir umferð um Hringbraut.

Vátryggingafélögin telja að ökumaður A beri ábyrgð á árekstri bifreiðanna. skv. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Óþarft er að geta umfjöllunar og athugasemda M sem fylgdu málskotinu. M gerir m.a. athugasemd við ljósabúnað B og ökuhraða.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð árekstrinum. A bar að veita umferð um Hringbraut forgang sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Fyrirliggjandi gögn gefa ekki tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 23. nóvember 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.